



19. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 19. mars 2021 á Hótel Geysi.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL), Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðaði: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK)

1. Fundur settur kl. 17:00
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
3. Fundargerðir og erindi frá nefndum lagðar fram til kynningar.
 - 12. fundargerð Ungmennaráðs.
 - 29. og 30. framkvæmdastjórnarfundargerðir.
 - 6. fundargerð Framtíðarnefndar.
 - 5. og 6. fundargerðir Landsmótsnefndar UMFÍ 50+.
 - 4. fundargerð Móta- og viðburðanefndar
 - Móta- og viðburðanefnd leggur til að tillaga Landsmótsnefndar UMFÍ 50+ í Borgarnesi, þar sem lagt er til að Landsmótið verði haldið 27.-29. ágúst 2021, en ekki í júní eins og áður var stefnt að, verði samþykkt.
 - Stjórn staðfestir álit nefndarinnar.
 - Stjórn samþykkir einnig álit nefndarinnar á tillögu Ungmennaráðs, um að ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði verði haldin í september í stað mars eins og ætlunin var.
4. Dagskrá stefnumótunarfundar 20.03.21 á Hótel Geysi.
 - Lögð fram til kynningar
5. Fjármál.
 - Farið yfir reksturinn fyrstu tvo mánuði ársins.
6. Ársþing / aðalfundir á næstunni.
 - Farið yfir dagskrána fram undan.
7. Heiðranir, viðurkenningar.
 - Samþykkt að veita eitt gullmerki UMFÍ.

8. Önnur mál.

- Samþykktar smávægilegar breytingar á ársáætlun stjórnar.
- GbG kynnti framvindu máls varðandi upplýsingakerfi íþróttahreyfingarinnar.

SÓJ ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 18:32.